

Greinargerð borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar með umræðu um bættar almenningssamgöngur til Keflavíkurflugvallar

Bakgrunnur

Aukin umræða hefur skapast í samfélaginu um leiðir til að bæta almenningssamgöngur til og frá Keflavíkurflugvelli. Málið hefur verið rætt í þinginu og svæðisskipulagsnefndir SSH og Suðurnesja ávörpuðu það í sameiginlegri ályktum um samgöngur milli svæðanna. Á vegum innviðaráðuneytis er að störfum starfshópur um bættar almenningssamgöngur milli höfuðborgarsvæðis og Keflavíkurflugvallar. Markmiðið með því að setja umræðu um málið á dagskrá borgarstjórnarfundar er að greina frá þeirri vinnu sem hefur átt sér stað í starfshópnum og fá fram sjónarmið borgarfulltrúa til sumra þeirra álitaeftna sem kunna að koma upp í frekari vinnu hans.

Staðan í dag

Strætóleið 55 gengur á milli höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja en leiðin er á ábyrgð Vegagerðarinnar. Farnar eru 13 ferðir á dag á virkum dögum. Stök ferð kostar 2.280 kr. Ekki er hægt að nýta Klapp-appið til að kaupa miða alla leið frá Reykjavík. Tekið er við greiðslukortum og því hægt að borga alla leið til Keflavíkur ef stigið beint upp í leið 55 en flestar ferðir eru farnar frá Firði. Biðstöð Strætó á Keflavíkurflugvelli er um 200 metra frá inngangi flugstöðvarinnar, nálægt starfsmannastæðum.

Að auki sinna tveir stórir einkaaðilar sinna í dag reglubundnum akstri á Keflavíkurflugvöll frá höfuðborgarsvæðinu í samræmi við útboð á vegum Isavia. Annar fer 21 ferð á dag samkvæmt tímatöflu en hinn 17 ferðir samkvæmt tímatöflu. Verðið er um 3.900kr. hjá einkaaðilunum og þjónustan er ekki niðurgreidd.

Ferðavenjur í dag

Áætlað er að um 15% ferðamanna ferðist til og frá flugvelli með hópbifreiðum sem ferðast eftir tímatöflu. Talan hækkar upp í 25-30% að vetri til. Um 2% starfsfólks Isavia nýta sér strætó/rútur í ferðum til og frá vinnu (2021). Um 1% alls starfsfólks flugvallarins sem býr í Reykjanesbæ nýtti sér strætó til að ferðast til vinnu árið 2023 samkvæmt samgöngukönnun Isavia. Starfsfólk flugvallarins sem býr á höfuðborgarsvæðinu getur nýtt sér skipulagðar rútuferðir en ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mikið það er nýtt.

Starf starfshópsins

Í ársbyrjun 2023 var skipaður starfshópur á vegum innviðaráðuneytis um bættar almenningssamgöngur til Keflavíkurflugvallar. Í hópnum eru fulltrúar ráðuneytisins, SSH, SSS, Strætó bs., Vegagerðarinnar, Isavia og Kadeco. Til stóð að hópurnir myndi skila áfanganiðurstöðum í fyrir sumarið 2023 með áfangatillögum en af því varð ekki. Í ársbyrjun 2024 voru ráðgjafar frá EFLU ráðnir til að starfa með hópnum og hefur verið unnið nokkuð síðan. Búið er að halda fjóra fundi þar sem af er ári.

Nýleg þróun

Nýlega hætti gamla Strætó-appið að virka og er því ekki lengur hægt að kaupa miða alla leið til Keflavíkur frá Reykjavík öðruvísi en að stíga fyrst um borð í leið 55. Nokkrar leiðir eru í boði til að leysa greiðslumálin samkvæmt Strætó. Ein væri að búa til sérmiða í Klappinu fyrir Keflavíkurflugvöll líkt og gert er fyrir næturstrætó. Jafnframt þyrfti að koma fyrir skönnum í þeim vögnum sem leiðina keyra. Önnur er að fá nýtt forrit til að þjóna öllu landinu. Sú þriðja er að uppfæra Klappið þannig að það styðji við svæðaskiptingu. Fyrirhugað er að reisa samgöngumiðstöð í viðbyggingu, norðaustur út frá núverandi flugstöð. Ekki er reiknað með að Strætó stoppi þar. Búið er að bæta gönguleið að strætóskýlinu í Leifsstöð, merkja hana betur og koma fyrir merkingum innanhúss. Á dagskrá er að Isavia taki yfir rekstur skýlisins af Suðurnesjabæ.

Helstu álitæfni

Þær spurningar sem starfshópurinn stendur frammi í áframhaldandi vinnu eru meðal annars: Hvaða hópum er almenningssamgöngum ætlað að þjóna: erlendum ferðamönnum, innlendum ferðamönnum, starfsfólki? Hvernig á akstursleiðin að vera á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu? Hvernig á að háttá gjaldtöku? Hvernig hvetjum við fleira starfsfólk til að nýta sér umhverfisvæna fararmáta? Er vilji til þess að hið opinbera taki á sig meiri kostnað? Hvert á hlutverk einkaaðila/opinberra aðila að vera til skamms og millilangs tíma? Eru möguleikar á samlegðaráhrifum ef almenningssamgöngur og aðrar skipulagðar hópsamgöngur eru hugsaðar saman?